

# Auraráð

## Kennsluleiðbeiningar

Auður Pálsdóttir

# Efnisyfirlit

Til kennarans	3
Verkefni og markmið	3
Kennsluaðferðir	3
Framsetning	3
Öflun gagna	4
Reikningur	4
Námsmat	4
Gagnlegir vefir	6
Um einstök verkefni	7
Við borgum skatta	7
Hvað færðu útborgað?	7
Uppsafnaður persónuafsláttur	9
Af hverju borgum við í lífeyrissjóð?	12
Viðbótarlífeyrissparnaður	12
Debetkort	10
Þú ætlar að geyma peninga	10
Yfirdráttur	10
Kreditkort og raðgreiðslur	10
Skuldabréfalán	10
Að kaupa á Netinu	10
Rekstur bíls	11
Að eignast bíl	11
Hverjar eru líkurnar?	11
Hvað kostar þinn lífsstíll	11
Húsnæði	11
Hvað gerist ef þú borgar ekki?	12
Þú ferð að búa – reka þitt eigið heimili	12
Hagsýni	12

Auraráð

Kennsluleiðbeiningar með vinnuhefti um fjármál

© 2005 Auður Pálsdóttir

1. vefútgáfa 2005

2. vefútgáfa 2011

Námshagstofnun

Reykjavík

# Til kennarans

Hér eru á ferðinni kennsluleiðbeiningar með námsefninu Auraráð sem er um fjármál einstaklinga. Námsefnið er hugsað fyrir elstu nemendur unglíngastígs og fellur vel að markmiðum aðalnámskrár grunnskóla, hvort heldur sem er í stærðfræði, lífsleikni eða þjóðfélagsfræði. Auraráð er verkefnabók sem miðar markvisst að því að hjálpa nemendum að gera sér grein fyrir því hvernig peningar og fjármál hafa áhrif á líf einstaklingsins og tengjast ýmsum þáttum þjóðfélagsins. Þannig er stefnt að því að auka þekkingu nemenda og innsýn í hvað felst í því að vera ábyrgur neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi.

## Verkefni og markmið

Hugmyndir að verkefnasafni sem þessu eru ekki nýjar af nálinni. Má að vissu leyti segja að hér sé um að ræða samantekt á því sem marga kennara hefur vantað til að geta enn betur búið nemendur sína undir líf og starf í flóknu nútímasamfélagi sem einkennist af hraða og gylliboðum hvers konar. Stuðst hefur verið við margar góðar hugmyndir úr ýmsum áttum, bæði úr innlendu og erlendu efni. Markmið efnisins eru fyrst og fremst að nemendur öðlist áráðni við að móta eigin lífsstíl, læri að setja sér markmið er lúta að framtíðinni og verði ábyrgir í eigin fjármálum.

## Kennsluáferðir

Í námsefni sem þessu er óhjákvæmilegt að nota hugtök sem mörgum kunna að þykja flókin og þung. Því er sérstaklega mikilvægt að kennarinn gefi sér rúman tíma, bæði við undirbúning og í umræðum við nemendur en umræður um og/eða kynning á einstökum hugtökum geta hvort heldur átt sér stað í upphafi vinnunnar eða í lok hennar, allt eftir því hvaða verklag kennarinn velur í upphafi.

Með ofangreint í huga var ákveðið að byggja verkefnin á raunverulegum dæmum og þau sniðin þannig að þau megi nota jafnt í þemavinnu sem einstaklingsverkefni eða stök hópverkefni. Öll verkefnin byggjast því á aðferðum leitarnáms og þrautalausna.

## Framsetning

Námsefnið er eins og áður sagði verkefnabók og í öllum tilvikum er einn kafli á opnu. Kynning og leiðbeiningar eru á vinstri síðu en á hægri síðu er gert ráð fyrir útreikningum, glósum, hefðbundnum rituðum svörum eða að fyllt sé inn í töflur eða eyður. Verkefnunum hefur ekki verið raðað upp í neina sérstaka forgangsroð og er það í höndum hvers kennara hvaða verkefni hann velur að nota og í hvaða röð þau eru tekin fyrir. Á sama hátt er það kennarans að ákveða hversu ítarlega hann vill útfæra hvert verkefni.

## Öflun gagna

Í öllum verkefnum er ætlast til þess að nemendur leiti markvisst á Netinu. Þess vegna er vísað í vefsíður opinberra stofnana, banka og sparisjóða og tilgreindar vefsíður sem reynst geta gagnlegar við upplýsingaöflun. Í nokkrum tilvikum er tilvalið að óska eftir samvinnu við foreldra og forráðamenn en mjög mikilvægt er að þess sé ávallt gætt að fara með persónubundnar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Flestra gagna má afla á Netinu en mikilvægt er að gefa nemendum ekki upp „bestu“ aðferðirnar. Þeir eiga að fá að spreyta sig, hvort heldur er í upplýsingaöflun eða við úrvinnslu, og síðan má beita spurningum og vísbendingum og jafnvel vísa í útreiknuð dæmi á vefsíðum opinberra stofnana, banka og sparisjóða svo nemendur kynnist vefsíðum fjármálafyrirtækja sem sennilegt er að þeir muni eiga einhver samskipti við á ævinni.

## Reikningur

Verkefnin fela í sér vaxta- og prósentureikning og ýmiss konar peningaútreikninga og gætu sum verkefnin reynst mörgum nemandanum hvatning til að ná góðum tókum á slíkum reikniaðgerðum. Í öllum tilfellum ættu nemendur að geta leyst verkefnin hafi þeir þökkalega færni í stærðfræði. Eina reikniaðgerð getur þó verið gagnlegt að kenna þeim þótt ekki sé hefð fyrir því í 10. bekk. Þar er um að ræða útreikning með vöxtum í tiltekinn árafjölda, þar sem árafjöldinn er táknaður með veldisvísi. Hér er dæmi:

10.000 krónur eru geymdar á bankareikningi með 6,4% ársvöxtum í 12 ár.  
Hversu há er upphæðin orðin eftir þessi 12 ár?

$$10.000 \cdot 1,06412 = 21.052 \text{ krónur}$$

## Námsmat

Þegar leggja á mat á framvindu náms er mjög þýðingarmikið að tengja námsmatið markmiðunum á skýran hátt. Öll verkefnin taka á þekkingar-, færni- og skilningsþáttum sem þarf að hafa í huga þegar námsmatið er skipulagt. Því er mikilvægt að byggja það að stórum hluta á símati samhliða vinnunni.

Þar sem um er að ræða elstu nemendur grunnskólans er áriðandi, hvaða leið sem valin er við námsmatið, að þeir viti hvaða þættir verða metnir og þeim sé gerð grein fyrir því í upphafi hvernig skráning námsmatsins muni eiga sér stað. Slíkt opnar oft augu margra unglinga fyrir því að vinnusemi borgar sig. Þannig getur verið gott að sýna nemendum útfylltan gátlista og taka dæmi um hvernig hann verður notaður.

Kennarinn þarf að skoða vinnulag nemenda, t.d. hvort breyting verður á vinnubrögðum eins og sjálfstæði, frumkvæði, skipulagi, vandvirkni og hvort nemandinn leggur sig fram. Eins má skoða vinnubókina sjálfa, frágang hennar og úrlausn verkefna.

Skilning á efninu má t.d. athuga með hefðbundnum skriflegum prófum, hvort heldur sem er með fjölvalsspurningum eða ritunarspurningum. Eins má nota munnlegar beinar spurningar kennara til nemenda á meðan vinnan á sér stað, t.d. spyrja um merkingu einstakra hugtaka eða hvernig megi reikna tiltekin dæmi. Slíkt er mjög gagnleg leið til að fylgjast með framvindu yfir lengri tíma. Skilning á efninu má einnig meta út frá kynningum sem nemendur halda og eru þá spurðir út úr eftir flutning, bæði af kennara og öðrum nemendum. Önnur leið og ekki síður skemmtileg er að meta t.d. málflutning, námsspil og auglýsingar sem nemendur hafa útbúið í kjölfar eða samhliða verkefnunum.

Færni nemenda, t.d. við leit á Netinu eða við úrlausn einstakra reikningsdæma, þarf einnig að skoða jafnt og þétt meðan á vinnu stendur. Í lokin er mikilvægt að nemendur leggi sjálfir mat á nám sitt, annaðhvort í skólanum eða vinni það heima með foreldrum. Þetta mætti gera með spurningalista í líkingu við þann sem hér er:

	Mjög góð(ur)	Góð(ur)	Sæmileg(ur)	Slök/slakur
Í upphafi vinnunnar var skilningur minn og þekking á efninu:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Eftir vinnuna við verkefni er þekking mín og skilningur á efninu:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Færni mín við að leita að upplýsingum um fjármál á Netinu er:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Geta mín til að leysa reikningsdæmi um fjármál er nú:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vinnan sem ég lagði í vinnubókina er:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Á einni af undirsíðum á vef Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er samantekt um námsmat hvers konar. Yfirlitið birtist á slóðinni:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/namsmat.htm> en þarna vísar hann áfram í margs konar gerðir af matslistum. Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi slóð á vef Ingvars en þar er að finna aðgengilega samantekt um námsmat og gott yfirlit yfir hvers konar matslista sem eru uppsettir og tilbúnir til notkunar.

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/matsbanki/Welcome.htm>

Eru kennarar hvattir til að kynna sér þessar vefsíður, nýta sér vinnu þeirra sem þarna er til staðar og sníða sér síðan stakk eftir vexti þess nemendahóps sem um ræðir hverju sinni.

### **Gagnlegir vefir:**

Landssamtök lífeyrissjóða [www.ll.is](http://www.ll.is)

Neytendasamtökin: [www.ns.is](http://www.ns.is)

Ríkisskattstjóri: [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

Alþingi: [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Vísindavefur HÍ: [www.visindavefur.is](http://www.visindavefur.is)

Meninga – lífandi fjármál: [www.meniga.is](http://www.meniga.is). Mjög gagnlegur vefur með heimilisbókhaldi, sparnaðarliðum o.fl. sem vert er að benda nemendum á.

# Um einstök verkefni

## Við borgum skatta

Verkefnið fjallar um hversu stóran hluta af tekjum sínum einstaklingar þurfa að greiða í tekjuskatt. Árið 2011 eru þrjú skattþrep 37,31% af 0–209.400 kr., 40,21% af 209.400–680.550 og 46,2% af tekjum yfir 680.550 kr. Persónuafsláttur er 44.205 kr. (árið 2011). Leitið upplýsinga um nýjar tölur á [www.rsk.is](http://www.rsk.is). Úrlausnir má setja fram á eftirfarandi hátt:

1. Mánaðarlaun eru t.d. 200.000 kr.  
 $200.000 \cdot 0,3731 = 74.620$  kr.

Persónuafsláttur dregst frá:

76.620

44.205

30.415 (tekjuskattur sem dregst frá laununum)

2. Árstekjur eru  $(200.000 \cdot 12) = 2.400.000$  kr.  
Persónuafsláttur  $(44.205 \cdot 12) = 530.466$  kr.

2.400.000

530.466 (persónuafsláttur sem dregst frá árslaununum)

1.869.534

Ef tekjur eru hærrí en sem nemur persónuafslættinum þarf að borga skatt af umframupphæðinni.

## Hvað færðu útborgað?

Þegar laun eru reiknuð út þarf að taka tillit til fleiri þátta en staðgreiðslu skatta. Í þessu verkefni er miðað við starfsmann sem þiggur laun samkvæmt kjarasamningi VR (sjá [www.vr.is](http://www.vr.is)). Hér þarf að reikna fyrst út launin og draga síðan útreiknaðan lífeyrissjóð frá til að fá út skattskyld laun. Þá er hægt að reikna staðgreiðsluna út.

Hér er dæmi þar sem miðað er við álagningu ársins 2011 (sjá [www.rsk.is](http://www.rsk.is)).

Gert er ráð fyrir 200.000 króna mánaðarlaunum og 6 tímum í yfirvinnu.

Skatthlutfall staðgreiðslu er 37,31%, 40,21% eða 46,2%

Persónuafsláttur er 44.205 kr.

Iðgjald í lífeyrissjóð er 4%

Félagsgjald er 1%

Yfirvinna er yfirleitt 1,0385% af föstum mánaðarlaunum

Orlof á yfirvinnu er 10,17%–12,07% af yfirvinnulaunum, hlutfallið fer eftir starfsaldri.

Óútfylltur launaseðill til ljósritunar er á næstu blaðsíðu.





## LAUNASEÐILL

Launagreiðandi:

Launatímabil:

Launþegi:

Kennitala:

## LAUN

Laun: Kr. + \_\_\_\_\_

Yfirvinna: \_\_\_\_\_ klst. Kr. + \_\_\_\_\_

Orlof á yfirvinnu: Kr. + \_\_\_\_\_

Heildarlaun: Kr. = \_\_\_\_\_

Heildartekjur: Kr. = \_\_\_\_\_

Frádráttur alls: Kr. - \_\_\_\_\_

Útborguð laun: Kr. = \_\_\_\_\_

Kvittun launþega

Lagt inn á reikn. \_\_\_\_\_

## SKATTAÚTREIKNINGUR

Heildarlaun: Kr. + \_\_\_\_\_

Lífeyrissjóður 4%: Kr. - \_\_\_\_\_

Skattskyld laun: Kr. = \_\_\_\_\_  
(Heildarlaun - lífeyrissjóður)

Skatthlutfall: Kr. = \_\_\_\_\_

Skattþrep 1 \_\_\_\_\_

Skattþrep 2 \_\_\_\_\_

Skattþrep 3 \_\_\_\_\_

Persónuafsláttur: Kr. - \_\_\_\_\_

Ónýttur persónuafsláttur  
uppsafnaður: Kr. - \_\_\_\_\_

Ónýttur persónuafsláttur  
geymdur til næsta tímab.: Kr. - \_\_\_\_\_

Staðgreiðsla: Kr. = \_\_\_\_\_  
= staðgreiðsluskyld laun  
- persónuafsláttur  
+ ónýttur persónuafsláttur

## FRÁDRÁTTUR FRÁ LAUNUM

Staðgreiðsla: Kr. + \_\_\_\_\_

Lífeyrissjóður 4%: Kr. + \_\_\_\_\_

Séreignasjóður 4%: Kr. + \_\_\_\_\_

Félagsgjald: Kr. + \_\_\_\_\_

Frádráttur alls: Kr. = \_\_\_\_\_



## Uppsafnaður persónuafsláttur

Þegar laun fólks sem ekki er í fastri vinnu (eins og námsmanna) eru reiknuð út má taka tillit til uppsafnaðs persónuafsláttar. Eins og fram kemur á vef Ríkisskattstjóra ([www.rsk.is](http://www.rsk.is)) er launagreiðanda heimilt að taka tillit til persónuafsláttar sem, samkvæmt áritun síðasta launagreiðanda á bakhlið skattkortsins, hefur ekki verið nýttur það sem af er árinu. En hafi áritun misfarist er hægt að sækja um skattkort með uppsöfnuðum persónuafslætti til ríkisskattstjóra (skólaskattkort).

### Dæmi um uppsafnaðan persónuafslátt

Ekki er unnið fyrir launum frá janúar til og með júní. Um er ræða 6 mánaða uppsafnaðan persónuafslátt sem einstaklingurinn á þegar kemur að því að borga út laun í lok júní. Upphæð persónuafsláttar og nánari útskýringar um hann má sjá á vef Ríkisskattstjóra ([www.rsk.is](http://www.rsk.is)).

Persónuafsláttur einstaklings árið 2011 var 44.205 kr. á mánuði. Það er margfaldað með 6. Ónýttur persónuafsláttur er því 265.230 kr. Atvinnurekandi nýtir svo þennan afslátt á móti þeim skatti sem einstaklingurinn ætti annars að borga. Það fer síðan eftir launinum hvort uppsafnaði afslátturinn er allur nýttur eða hvort eitthvað er geymt fram á næsta launatímabil.

LAUNASEÐILL	
Launagreiðandi: Auður ehf.	
Launatímabil: apríl 2011	
Launþegi: Arna Aradóttir	
Kennitala: 260289-9999	
<b>LAUN</b>	
Laun:	Kr. + <u>203.000</u>
Yfirvinna: <u>10</u> klst.	Kr. + <u>21.022</u>
Orlof á yfirvinnu:	Kr. + <u>2.138</u>
Heildarlaun:	Kr. = <u>226.160</u>
Heildartekjur:	Kr. = <u>226.160</u>
Frádráttur alls:	Kr. - <u>51.051</u>
Útborguð laun:	Kr. = <u>175.106</u>
<i>Arna Aradóttir</i>	
Kvittun launþega	
Lagt inn á reikn. <u>260289-9999</u>	
SKATTAÚTREIKNINGUR	
Heildarlaun:	Kr. + <u>226.160</u>
Lífeyrissjóður 4%:	Kr. - <u>9.046</u>
Skattskyld laun: (Heildarlaun - lífeyrissjóður)	Kr. = <u>217.114</u>
Skatthlutfall:	Kr. = <u>84.183</u>
Skattþrep 1 <u>81.005</u>	
Skattþrep 2 <u>3.178</u>	
Skattþrep 3 _____	
Persónuafsláttur:	Kr. - <u>44.205</u>
Ónýttur persónuafsláttur uppsafnaður:	Kr. - _____ 0
Ónýttur persónuafsláttur geymdur til næsta tímab.:	Kr. - _____ 0
Staðgreiðsla: = staðgreiðsluskyld laun - persónuafsláttur + ónýttur persónuafsláttur	Kr. = <u>39.978</u>
FRÁDRÁTTUR FRÁ LAUNUM	
Staðgreiðsla:	Kr. + <u>39.978</u>
Lífeyrissjóður 4%:	Kr. + <u>9.046</u>
Séreignasjóður 4%:	Kr. + _____ 0
Félagsgjald:	Kr. + <u>2.030</u>
Frádráttur alls:	Kr. = <u>51.051</u>

## Af hverju borgum við í lífeyrissjóð?

Nemendur eiga að reikna lífeyrisgreiðslur af launum sem þeir velja sér. Síðan eiga þeir að finna út hvað þeir fá greitt á mánuði eftir 67 ára aldur og líka ef þeir vinna til 70 ára aldurs. Mjög góðar reiknivélar eru á heimasíðum banka, sparissjóða og lífeyrissjóða.

## Viðbótarlífeyrissparnaður

Hér eiga nemendur að ákveða hversu háa upphæð þeir vilja eiga við starfslok. Miðað er við 30 ára einstakling sem er að velja sér viðbótarlífeyrissparnað. Reikna á út hversu háa upphæð þeir þurfa að leggja fyrir á mánuði til að ná markinu. Mjög góðar reiknivélar eru á heimasíðum banka, sparissjóða og lífeyrissjóða.

## Debetkort

Verkefni um debetkort er nokkuð einfalt og byggist á gjaldskrá einstakra banka og sparissjóða. Það ætti því að henta betur þeim sem ekki hafa náð nægilega góðum tókum á prósentureikningi.

## Þú ætlar að geyma peninga

Í þessu verkefni þurfa nemendur m.a. að reikna vexti af upphæð sem geymd er í þrjú ár. Hér er tilvalið að kynna fyrir nemendum útreikning með vöxtum í tiltekinn árafjölda, þar sem árafjöldinn er táknaður með veldisvísi (sjá dæmi á bls. 4).

## Yfirdráttur

Í þessu verkefni þurfa nemendur m.a. að reikna vexti af upphæð sem er geymd (eða fengin að láni) í styttri tíma en eitt ár. Mikilvægt er að kynna nemendum að vaxtaár í bankakerfinu er 360 dagar og hver mánuður 30 dagar.

Þetta má gera á ýmsa vegu, til dæmis:

Ef 20.000 kr. eru fengnar að láni í 45 daga á 16% ársvöxtum má finna vextina þannig:

$$20.000 \cdot 0,16 \cdot 45/360 = 400 \text{ kr.}$$

## Kreditkort og raðgreiðslur

Í þessu verkefni er nauðsynlegt að leyfa nemendum að spreyta sig á að skipuleggja útreikningana. Þetta er tilvalið samvinnuverkefni þar sem flétta má inn umræður um tilboðsverð í auglýsingum og hvort raunverulega borgar sig að kaupa á raðgreiðslum eða staðgreiða hlutinn.

## Skuldabréfalán

Hér á að taka skuldabréf til 4 ára að andvirði nýlegs smábíls. Nemendur þurfa aðgang að Netinu til að fara inn á reiknivélar banka og sparisjóða þar sem greiðslubyrði lána er reiknuð. Svo gildir bara að prófa.

## Að kaupa á Netinu

Þetta verkefni byggist á því að nemendur átti sig á hvert er endanlegt verð vöru sem keypt er í gegnum Netið frá útlöndum. Ýmsar reiknivélar eru til en stungið er upp á að nota [www.shopusa.is](http://www.shopusa.is) og setja vöruverð í Bandaríkjadöllum.

Nemendur ættu að fá tækifæri til að reikna gróflega út endanlegt vöruverð á hlutum sem keyptir eru á Netinu annars staðar frá, en þá þarf að huga vel að aðflutningsgjöldum (fer eftir vörflokkum), póstburðargjaldi og virðisauka-skatti.

Nánari upplýsingar um slík mál má finna á vefsíðum flutningafyrirtækjanna.

## Rekstur bíls

Í þessu verkefni þarf að afla upplýsinga um rekstrarkostnað bíla. Mörg heimili eiga gott yfirlit yfir þessa gjaldaliði sem biðja má um en einnig má nota meðaltalstölur sem t.d. er að finna á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda [www.fib.is](http://www.fib.is)

## Að eignast bíl

Hér á að taka bílalán fyrir 80% hluta af andvirði nýs fólksbíls. Nemendur þurfa aðgang að Netinu til að fara inn á reiknivélar fjármögnunarfyrirtækja þar sem greiðslubyrði lána er reiknuð.

Gæta þarf að því að nemendur skrái niðurstöðurnar skipulega.

## Hverjar eru líkurnar?

Hér þyrfti að byrja á að rifja upp með nemendum hvernig einfaldar líkur eru reiknaðar. Síðan geta þeir farið inn á vefsíður happdrættanna og kynnt sér hverjar líkurnar eru á vinningi, allt eftir því hvers konar miði er keyptur.

## Hvað kostar þinn lífsstíll?

Í þessu verkefni eiga nemendur að skrá í töfluna sem er á hægri síðunni allt sem þeir verja fjármunum í á mánuði. Svo margfalda þeir með 12 og fá út kostnaðinn á ári.

Gott er að leyfa nemendum að bera sig saman og ræða svo hvað er nauðsynlegt að þeirra mati og hverju mætti jafnvel sleppa ef spara á fyrir einhverju sérstöku.

## Húsnæði

Í þessu verkefni þarf að nota prósentu- og vaxtareikning. Hér er mjög hentugt að nota útreikning með vöxtum í tiltekinn árafjölda, þar sem árafjöldinn er táknaður með veldisvísi (sjá dæmi á bls. 4).

Tökum dæmi um þriðja lið verkefnisins. Ef íbúð kostar 14.000.000 kr. þarf að safna fyrir 20% af verðinu sem eru 2.800.000 kr. Valin er sparnaðarleið sem gefur 6% vexti. Reikna má heildarupphæðina sem á að spara svona:

$$X \cdot 0,06^{10} = 2.800.000 \text{ kr.}$$

$$X = \underline{\hspace{2cm}}$$

Svo má deila með 120 (mánaðafjöldinn) til að fá hugmynd um hver útborgunin verður á mánuði.

## Hvað gerist ef þú borgar ekki?

Í þessu verkefni er ekki gert ráð fyrir neinum útreikningum heldur eiga nemendur að kynna sér merkingu fjögurra hugtaka sem öll tengjast vanskilum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að Netinu en á vefsíðum opinberra stofnana og stærrí fjármálafrirtækja má finna allar þær upplýsingar sem þörf er á.

## Þú ferð að búa – reka þitt eigið heimili

Þetta verkefni væri best að vinna þegar búið er að fara í gegnum útreikning ráðstöfunartekna og rekstur bíls. Þá eru nemendur betur í stakk búnir til að átta sig á hvort ráðstöfunartekjur duga fyrir meðaltals framfærslukostnaði tveggja einstaklinga. Gagnlegt er að kynna nemendum reiknivél fyrir neysluviðmið á vef velferðarráðuneytisins [www.velferdarraduneyti.is/neysluidmid](http://www.velferdarraduneyti.is/neysluidmid). Gaman væri einnig ef nemendur fengju tækifæri til að bera saman neysluviðmiðunina fyrir sína fjölskyldustærð og raunveruleg útgjöld eigin heimilis.

## Hagsýni

Þetta verkefni er hugsað sem lokaverkefni þar sem lögð er áhersla á samanburð af ýmsu tagi. Nemendur velja hvað þeir bera saman, reikna út hvaða kostur er hagkvæmastur og reyna svo að rökstyðja hvort eigi að taka lán eða spara fyrir hlutnum. Einnig eiga nemendur að skrá hjá sér hvað þeim kom á óvart við þessa vinnu.

Mikilvægt er að gefa nemendum tíma við uppgjör því líklegt er að fjölmargt komi upp í umræðunni. Megináherslan og skilaboð kennarans verða alltaf að vera að hver og einn ber endanlega ábyrgð á eigin fjármálum og þeim ákvörðunum sem hann tekur.